



## Á tjá og tundri – Sálin hans Jóns míns

Allt er á tjá og tundri  
get ekki fötin mín fundið.  
Ei hissa þó þig undri.  
Er svipur hjá sjónu?  
Framlágur er heldur kappinn.  
Floginn um hvippinn og hvappinn.  
Ég verð að safna í sarpinn  
og sofa hjá Jónu ef hún vill mig.

Ég bið um frið, æ gef mér grið.  
Ég verð að hvílast stundarkorn.  
Ó, ekki meir, ég er eins og leir.  
Ég spyr: Færðu aldrei nóg?

Nú er ég farinn.  
Meinilla farinn og búinn að vera.  
Þverrandi þor, ekkert hægt að gera.  
Nú er ég farinn!

Með hausgarminn undir hendi  
ég henni tóninn minn sendi.  
Veit ekki hvar ég lendi.  
Ég er nakin um nárann.  
Nú finnst mér mál að linni.  
Verð ekki lengur hér inni.  
Ég vona bara að hún finni mig ekki í fjöru.

Ég bið um frið...

Nú er ég farinn...